

Samningur

Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu) og Landspítala (LSH) um samvinnu vegna tilfærslu verkefna frá LSH til HSu

Á grundvelli laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu gera Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSu) kt. 670804-2750 annars vegar og Landspítali (LSH) kt. 500300-2130 hins vegar, með sér svofellt samkomulag um tilfærslu verkefna frá LSH. Samkomulagið er í samræmi við tilmæli heilbrigðisráðuneytis vegna viðbótarfjármuna í fjárlögum ársins 2008 til heilbrigðisstofnana á suðvesturhorninu til að taka við verkefnum frá LSH.

Markmið

Með samningi þessum áforma aðilar að stuðla að betri nýtingu fagþekkingar á báðum stofnunum, að heilbrigðisþjónusta verði veitt í ríkari mæli í heimabyggð og að auka rafræn samskipti milli heilbrigðisstofnana.

Forsendur

Samkomulagið tekur mið af lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, fjárlögum ársins 2008 og tilmælum heilbrigðisráðuneytisins. Lögð er áhersla á að einstaklingar njóti bestu heilbrigðisþjónustu sem næst heimili eða dvalarstað þeirra.

Á hverjum degi leitar fjöldi sjúklinga til LSH vegna margvíslegra bráðavandamála. Sjúklingar þurfa mislangan tíma til að ná sér eftir bráð veikindi og hafa aldrei meiri þörf fyrir endurhæfingu að bráðameðferð lokinni en aðrir sjúklingar. Brýnt er að hafa alltaf næg rými tiltæk fyrir bráðþjónustu spítalans, en LSH er aðalsjúkrahús landsins og umdæmissjúkrahús höfuðborgarsvæðisins.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands er umdæmissjúkrahús Suðurlands og hefur hug á með auknu húsnæði að efla bráðþjónustu og draga úr flutningi sjúklinga frá Suðurlandi til LSH í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Forsendur aukinna verkefna á HSu byggjast á nýju húsnæði sem verður tekið í notkun á árinu 2008. Gert er ráð fyrir að ný hjúkrunardeild fyrir aldraða og aðstaða fyrir endurhæfingu verði tilbúin í apríl nk.

Framkvæmd

Samkomulag er um að haga samstarfinu með eftirfarandi hætti:

Gert er ráð fyrir að efling bráðþjónustu HSu með opnun nýrrar slysa- og bráðamóttöku dragi úr flutningum sjúklinga frá Suðurlandi til LSH. Einnig er gert ráð fyrir að HSu annist sjúklinga með lögheimili á Suðurlandi, sem þurfa á líknandi meðferð að halda eða bíða eftir hjúkrunarrými, en þurfa að dvelja á sjúkrahúsi.

1. Heilbrigðisstofnun Suðurlands mun taka við hjarta- og lungnasjúklingum af Suðurlandi, sem liggja á LSH og hafa hlotið bráðameðferð þar en eru komnir á stig endurhæfingar. Frekari meðferð og/eða endurhæfing fari fram á HSu. Ákvörðun um að bjóða einstaklingi endurhæfingarrými á HSu er í höndum fulltrúa útskriftarteymis LSH og vakthafandi sérfræðilæknis á HSu.

2. Hsu veitir öldruðum sjúklingum af Suðurlandi endurhæfingu eftir að þeir hafa leitað til LSH af eftirtöldum ástæðum, þegar greiningu og bráðameðferð er lokið:
 - a. Vegna byltu án þess að hafa beinbrotnað.
 - b. Vegna brota á lærleggshálsi, upphandlegg eða mjaðmargrind.
 - c. Vegna samfallsbrota á hrygg.
 Ákvörðun um að bjóða einstaklingi endurhæfingarrými á Hsu er í höndum útskriftarteymis LSH og vakthafandi sérfræðilæknis Hsu.
3. Hsu tekur við sjúklingum af Suðurlandi, sem liggja á LSH vegna ýmissa sjúkdóma sem þurfa langtíma sýklalyfjameðferð eftir að greiningu og bráðameðferð er lokið á LSH og eftir atvikum sjúklinga af höfuðborgarsvæðinu. Hér er einkum átt við sjúkdóma svo sem hjartapelsbólgu án fylgikvilla, ígerðir í lungum (lungna abcess) og sýkingar í beinum (osteomyelitis). Ákvörðun um að bjóða einstaklingi legurými á Hsu er í höndum útskriftarteymis LSH og vakthafandi sérfræðilæknis Hsu.
4. Hsu tekur við sjúklingum af Suðurlandi með heilabilun sem bíða eftir varanlegri vistun en þurfa ekki frekari greiningu eða sérhæfða meðferð á LSH og eftir atvikum sjúklinga af höfuðborgarsvæðinu. Ákvörðun um að bjóða einstaklingi legurými á Hsu er í höndum innlagnar- og útskriftarteymis LSH og vakthafandi sérfræðilæknis Hsu.
5. Hsu mun auka þjónustu sína á sviði barna- og unglingsgeðlækninga þannig að dragi úr innlögnum á BUGL.
6. Hsu mun styrkja geðheilbrigðisþjónustu sína síðar á árinu með því að opna móttöku með þjónustu geðlæknis og/eða sálfræðings. Samhliða því verður unnið að bættu samstarfi geðsviðs LSH og Hsu. Mótaðar verða verklagsreglur þar að lútandi og tilnefndir tengiliðir af hálfu beggja aðila.
7. Hsu mun taka við sjúklingum af Suðurlandi, sem liggja á LSH vegna bæklunaraðgerðar, og eru komnir á stig endurhæfingar og eftir atvikum sjúklingum af höfuðborgarsvæðinu. Frekari meðferð og/eða endurhæfing fari fram á Hsu. Að jafnaði er gert ráð fyrir um tveimur fleiri slíkum sjúklingum en verið hefur. Ákvörðun um að bjóða einstaklingi endurhæfingarrými á Hsu er í höndum útskriftarteymis LSH og vakthafandi sérfræðilæknis á Hsu.
8. Hsu mun taka við öðrum sjúklingum sem liggja á LSH, en hafa lokið bráðameðferð og bíða úrræða vegna vistunar eða endurhæfingar. Slíkar innlagnir eru háðar því að rými sé til staðar. Ákvörðun um að bjóða einstaklingi legurými á Hsu er í höndum innlagnar- og útskriftarteymis LSH og vakthafandi sérfræðilæknis á Hsu.
9. Sumarstarfsemi Hsu og LSH skal samrýmd með samráðsfundum framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar með það að markmiði að nýta sjúkrarými beggja stofnana sem best. Áætlun um sumarstarfsemi Hsu og LSH og samráðsferli skal lokið fyrir 15. febrúar 2008.
10. Markvisst verður unnið að tengingu Hsu við Ljóra (rafrænan glugga LSH) til að auðvelda flæði upplýsinga um sjúklinga sem fá þjónustu á Hsu og LSH. Þar til tenging hefur komist á skulu einstaklingar sem leggjast inn á Hsu frá LSH hafa meðferðis sjúkraskýrslu sem inniheldur sjúkrasögu og niðurstöður nýjustu rannsóknna.

Læknar og hjúkrunarfræðingar HSu munu geta leitað til kollega sinna á LSH og öfugt, hvenær sem er varðandi mál þeirra sjúklinga sem flust hafa milli stofnananna.

11. Geti einstaklingur sem dvelur á HSu í endurhæfingu eftir flutning frá LSH ekki útskrifast, skal hann njóta sömu úrræða og falla undir sömu reglur um val á hjúkrunarheimili og fólk sem dvelur á LSH.
12. Faglegur og rekstrarlegur árangur af þessu fyrirkomulagi skal metinn ársfjórðungslega, í fyrsta skipti í byrjun júlí 2008 og síðan á þriggja mánaða fresti. Niðurstöðum úr mati skal skilað til heilbrigðisráðuneytis eigi síðar en 15. júlí, 15. október 2008 og 15. janúar 2009.

Samningur þessi tekur gildi 21. janúar 2008 og gildir til loka ársins 2008.

Reykjavík, 21. janúar 2008

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

F.h. Landspítala

Magnús Skúlason
forstjóri

Magnús Pétursson
forstjóri

F.h. heilbrigðisráðuneytis

Guðlaugur Þór Þórðarson
ráðherra